



Alsherjaneft Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. B 137/611  
komudagur 13.7.2009

Reykjavík, 8. júlí 2009  
EBI/--

**Efni. Umsögn Bændasamtaka Íslands við Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Þingskjal 105-89 á 137 löggjafarþingi 2009**  
Tilv. 2009060014

Bændasamtök Íslands hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Í greinargerð með frumvarpinu er lýst þeim breytingum sem því er ætlað að leiða til á eðli verkaskiptingar ráðuneyta. Vísað er til þróunar sem orðið hefur innan landa OECD sem hefur „...verið í þá átt að færa eignarhald fyrirtækja í eigu ríkisins frá hlutaðeigandi fagraðuneyti til eins ráðuneytis þar sem lögð er áhersla á ríkið sem eiganda. Markmið með breytingunum er m.a. að tryggja að ríkið hafi eina samræmda eigendastefnu til að auka trúverðugleika og einingu um hlutverk ríkisins sem eiganda.“

Í kafla B. Í athugasemdum við frumvarpið er greint frá því að frá og með 1. janúar 2010 verði umsýsla með jarðeignum ríkisins flutt frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu til fjármálaráðuneytisins. Bændasamtök Íslands gera athugasemd við þessa fyrirætlun. Jarðeignir ríkisins eru ekki fyrirtæki í þess orðs merkingu, ríkið rekur ekki bú eða atvinnustarfsemi á þeim. Hér ber að mati samtakanna fremur að líta til þess að jarðeignir ríkisins séu auðlind atvinnuvegarins sem er í vörslu fagraðuneytisins. Reynslan af núverandi fyrirkomulagi er góð og því leggjum við til að alþingi hafni verði frá þessum áformum.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Eiríkur Blöndal